

6.fundur í fræðslunefnd Langesbyggðar haldinn í Menntasetrinu miðvikudaginn 11.febrúar 2015, kl 16^{oo}

Mættir; Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, Heiðrún Óladóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Fyrri fundargerðir undirritaðar
2. Skólanámsskrá Leikskólans Barnabóls, Aldan.

Halldóra fór aðeins yfir hvernig vinnuferlið er búið að vera við gerð hennar. Ingvar Sigurgeirsson veitti ráðgjöf og aðstoð, en allt starfsfólk tók þátt í vinnunni. Einnig voru foreldrar fengnir til að taka umræðu á haustfundi og punktar frá þeim notaðir.

Miðað er við að þetta sé lifandi og virkt plagg sem allir geta leitað í, hvort sem er kennarar eða foreldrar. Skólanámsskrá skal endurskoða árlega.

Umræða var um tengsl á milli skólastiga og mikilvægi þess að láta það samstarf skólanna ganga vel.

Fræðslunefnd fagnar útkomu skólanámsskrárinnar Öldunnar og telur hana vel unna og metnaðarfulla, þar sem markmið í skólastarfinu og leiðir að þeim eru vel útfærðar. Í hverjum kafla eru svo tiltekin dæmi um hvernig þessum markmiðum er náð með innra starfi á Barnabóli.

Fræðslunefnd staðfestir skólanámsskrá leikskólans Barnabóls 2015-2016.

3. Önnur mál

Halldóra sagði frá námskeiði sem starfsfólkið fór á Vopnafirði í janúar, sem heitir „Leikur að læra“ og var vel heppnað. Sér fyrir sér að þessar aðferðir nýtist vel sem skemmtileg viðbót við daglegt starf. Hentar fyrir börn á aldrinum 2-10 ára og einstaklega vel fyrir þau sem hafa mikla hreyfipörf. Hægt að kaupa áskrift að síðunni www.leikuradlaera.is og fá þannig aðgang að fleiri leikjum og hugmyndum.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 16:50